

fangelsi fyrir þjófnað og árið 1983 var ákærði dæmdur í 8 mánaða fangelsi fyrir þjófnað. Sá dómur var staðfestur 16. september það ár í Hæstarétti. Loks var ákærði dæmdur í 3 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað, fjársvik, ölvunarakstur og sviptur ökuleyfi, 25. maí 1984.

Ákærði hefur samkvæmt þessu verið dæmdur í fangelsi í 29 mánuði og 15 daga, þar af 3 mánuði skilorðsbundið, síðan 1975.

Þykir refsing ákærða vera hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000,00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000,00.

Fimmtudaginn 11. desember 1986.

Nr. 320/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Arnari Önfjörð Björgvinssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. þ.m., sem barst dóm-inum 4. þ.m. Krefst hann þess, að gæsluvarðhaldsvist verði verulega stytta. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir bera að staðfesta hinn kærða úrskurð þó þannig, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 15. janúar 1987, kl. 17:00.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Arnar Önfjörð Björgvinsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 15. janúar 1987, kl. 17:00.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. desember 1986.

Ár 1986, þriðjudaginn 2. desember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess að Arnari Önfjörð Björgvinsyni, til heimilis að Grýtubakka 6 hér í borg, fæddum 11. apríl 1943 verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. febrúar 1987 kl. 17:00, vegna gruns um brot gegn 191. gr. 1. mgr. 200. gr. og 201. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940 og 45. sbr. 47. gr. laga nr. 53, 1966.

Málavextir:

Þann 30. nóvember sl. leituðu starfsmenn barnaverndarnefndar Reykjavíkur til RLR vegna ætlaðra brota Arnars Önfjörð Björgvinssonar gagnvart stjúp dóttur sinni Eriku Ernu Arnardóttur, fæddri 8. júní 1972.

Í nóvember 1985 kærði barnaverndarnefnd kærða fyrir kynferðislega áreitni hans við stjúp dóttur sína.

Kærði var í kjölfar þess úrskurðaður í gæsluvarðhald og viðurkenndi fyrir dómi að hafa margítrekað í mörg ár fengið stjúp dóttur sína til að afklæðast og hafi hann þá tekið af henni myndir. Kærði bar og að hann hafi haft við hana kynferðisleg mök frá 12 ára aldri.

Kærði hefur búið á heimili sínu síðan hann losnaði úr gæsluvarðhaldi. Kærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa tekið myndir af stjúp dótturinni nakinni, en hefur hins vegar alfarið neitað að hafa haft við hana mök eða áreitt hana kynferðislega. Erika hefur hins vegar borið að hann hafi ásamt myndatökunum haft við hana kynmök síðan hann losnaði úr gæsluvarðhaldi.

Í dóminum liggja frammi myndir teknar af tæknideild RLR úr íbúðinni, Grýtubakka 6, heimili kærða. Þar kemur fram að kærði hefur útbúið aðstöðu til að fylgjast með Eriku í herbergi sínu úr vinnuherbergi sem hann

hefur við hliðina á herbergi hennar. Í herbergi hennar er spegill og á bak við hann lúga á veggnum þannig að unnt er að sjá inn í herberið úr vinnuherbergi kærða.

Misræmis gætir í framburði kærða og framburði Eriku.

Brot það er kærði er grunaður um getur varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 191. gr. 1. mgr. 200. gr. og 201. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940 og 45. og 47. gr. laga nr. 53, 1966.

Í dóminum liggur frammi sakavottorð kærða ásamt niðurstöðu geðrannsóknar dags. 20.12. 1985.

Samkvæmt upplýsingum RLR hefur embættið sent öll gögn varðandi fyrri kærðu á hendur Arnari til ríkissaksóknara og mun ákvörðun hans liggja fyrir innan tíðar.

Rannsókn hins alvarlega sakarefnis er nú á frumstigi. Kærði hefur eftir að hann losnaði úr gæsluvarðhaldi haldið uppteknum hætti og tekið nektarmyndir af stjúp dóttur sinni. Þykir með vísan til alvarleika brots þess sem hann er grunaður um rétt að taka kröfu RLR til greina með vísan til 1., 4., 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og ákveða að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. febrúar 1987 kl. 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Arnar Önfjörð Björgvinsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. febrúar 1987 kl. 17:00.
